

Sp.

245. Fyrirspurn

[99. mál]

til viðskiptamálaráðherra um innflutning fólksflutningabifreiða.

Frá Jónasi Rafnar og Ingólfi Jónssyni.

1. Hafa verið veitt gjaldeyris- og innflutningsleyfi fyrir fólksflutningabifreiðum á árunum 1948 og 1949? Ef svo er, hve mörg — og eftir hvaða reglum hafa leyfin verið veitt?
2. Hve mörg innflutningsleyfi án gjaldeyris hafa verið veitt fyrir fólksflutningabifreiðum frá 1. jan. 1948 til 15. júlí 1949, og eftir hvaða reglum hafa þau leyfi verið veitt?
3. Hve mörg innflutningsleyfi fyrir fólksflutningabifreiðum hafa verið veitt til þessa samkv. þeim reglum um leyfisveitingar, sem viðskiptanefnd auglýsti um miðjan júlímánuð síðastliðinn?